58

XIII. kafli.

Um sektir og málssóknir.

68. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2—100 kr. sektum. Upplýstrarmaður eða upplýstrarmenn fá fjórðung sektar, enn hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

69. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

* * *

Framanrituð reglugjörð, sem er samin af sýslunefndinni í Rangárvallasýslu, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum Nr. 14, 22. marz 1890 af amtsráði Suðuramtsins á aðalfundi þess 21.—23. þ. mán., og skal hún öðlast gildi 10. dag septembermán. næstkomandi.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 25. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur.

59

Reikningur

Nemendasjóðs Möðruvallaskólans 1893.

Tekjur.	kr.	a.
Innstæða í sparisjóði Arnarneshrepps	907	»
Vextir borgaðir á árinu	33	97
Tillög og áheit	78	50
Samtals	1019	47

Gjöld.	kr.	a.
Innstæða í sparisjóði Arnarneshrepps	907	»
Lagt í sparisjóð Arnarneshrepps	112	47
Samtals	1019	47

Möðruvöllum í Hörgárdal 24. janúar 1894.

Jón A. Hjaltalín. *Stefán Stefánsson.* *Halldór Briem.*